Fullgild rafræn undirskrift
ÍSAK ERNIR KRISTINSSON
2021-11-16 11:43:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
STEINUNN SIGVALDADÓTTIR
2021-11-16 12:54:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
2021-11-16 13:01:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ELÍN ÁRNADÓTTIR
2021-11-17 09:38:56 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð 173. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 03. nóvember 2021, kl. 12.00, á skrifstofu Kadeco, Skógarbraut 946 Ásbrú, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Kjartan Már Kjartansson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð,

Til upplýsinga.

1. *Staðan á samkeppnisútboði*
    a. *Kynningarfundur í desember*
    b. *Detailed Tenders*
    c. *Tímalína*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á samkeppnisúboði. Kynningarfundur sem fram fer í desember ræddur þar sem tillögur teymanna verða kynntar fyrir helstu hagsmunaaðilum. Tímalína yfirfarin.

2. *Minnisblað um stöðu fjármála vegna framkvæmdaáætlunar*

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað um stöðu fjármála vegna framkvæmdaráætlunnar. Raunstaða verkefnisins um alþjóðlegt samkeppnisúboð hefur tekið að skýrast þegar sér nú fyrir endan á samkeppninni. Framkvæmdastjóri óskaði eftir því við stjórn að áður samþykkt áætlun um umfang kostnaðar vegna ráðgjafa verði hækkuð í samræmi upplýsingar og samþykkti stjórn þá beiðni.
Framkvæmdastjóri kynnti einnig fyrir stjórn hugmyndir þáttakenda um þátttökugreiðslur og vinningsfé í formi verksamnings fyrir vinningshafa samkeppninnar. Umræður um upphæð vinningsfés og hröðun vinnu þróunaráætlunar með vinningsteymi. Stjórn óskar eftir skýrum línum um hvað felst í þeirri vinnu og hver lokaafurðin verður og fól framkvæmdastjóra að upplýsa stjórn um það betur.

3. *Drög að rekstraráætlun Kadeco 2022*

Drög að rekstraráætlun Kadeco 2022 var lögð fram til kynningar.

4. *Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar*

Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar voru lagðar fram til kynningar á stjórnargátt félagsins.

Önnur mál.

5. *Landeignir Ríkissjóðs í Reykjanesbæ*

Kadeco barst erindi frá fjármálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir áliti stjórnar Kadeco á fyrirspurn Reykjanesbæjar varðandi viðræður um möguleg kaup eða leigu þess á landeignum Ríkissjóðs Íslands í Reykjanesbæ. Stjórn tók vel í erindið og telur þetta vera gott skref fyrir verkefnið og framvindu félagsins að úr þessu verði leyst á farsælan máta.
Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara ráðuneytinu jákvætt varðandi framlagt erindi.

6. *Helguvík*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um áhuga aðila á uppbyggingu sprotagarðs í Helguvík sem ber vinnuheitið Reykjanesklasinn. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.